

en í stað hennar komi 6 daga einfalt fangelsi, verði hún eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Um málskostnað í héraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, en eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framantalin meiðyrði um aðaláfrýjanda Sigurð Thoroddsen verkfræðing í 5. tölubl., X. árgangi blaðsins »Reykvíkingur«, sem kom út 1. maí 1900, eiga að vera dauð og ómerk. Gagnáfrýjandi kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð greiði sekt til landssjóðs 30 krónur, en sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma. Um málskostnað í héraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður, en málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 31/1901.

Sigurður Thoroddsen
gegn
W. O. Breiðfjörð.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað í héraði af áfrýjandanum, verkfræðing Sigurði Thoroddsen, fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn hinum stefnda, kaupmanni W. O. Breiðfjörð, fyrir ummæli nokkur í

blaðinu »Reykvíkingur«, XI. árg., 2. tölubl., sem út kom 1. febr. 1901, er áfrýjandi taldi meiðandi fyrir sig, en stefndi er útgefandi nefnds blaðs, og voru greinarnar, sem þessi ummæli voru í, nafnlausar. Var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 11. apríl þ. á. á þá leið, að hin móðgandi og óvirðandi ummæli voru dæmd ómerk og W. Ó. Breiðfjörð dæmdur í 20 króna sekt til landssjóðs fyrir þau, eða til vara í 4 daga einfalt fangelsi; svo var hann og dæmdur til að greiða málskostnað 12 kr. Dómi þessum hefir verkfræðingur Sigurður Thoroddsen skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefni 8. júlí þ. á., og hefir hann krafist þess, að sektarákvæði undirréttardómsins verði hert eftir strangleik laganna, að hin umstefndu ummæli verði dæmd dauð og ómerk, og að stefndi W. Ó. Breiðfjörð verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati réttarins. Af sinni hálfu hefir kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð gagnáfrýjað málinu, með stefnu, dags. 5. ágúst þ. á., og hefir hann krafist þess, að hann verði algerlega sýknaður af kærnum og kröfum aðaláfrýjanda, og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum með nægilegri upphæð eftir mati yfirdómsins.

Ummæli þau, sem eru sakarefni, eru í 2 greinum í áminstu tölublaði blaðsins »Reykvíkingur«, og eru þau þessi: »Hinn mikli, árvakri og ötuli mannvirkjafræðingur landsins«; »hinn alkunna og fræga mannvirkjafræðing landsins«; »auðvitað munuð þið, sem af reynslunni úti um landið þekkið svo ógn

vel til árvekni, framúrskarandi dugnaðar og óserhlífni þessa fræga og lærða mannvirkjafræðings Íslands«. Aðaláfrýjandi álitur, að ummæli þessi séu höfð um sig til háðungar og í vanvirðingarskyni, og heldur því fram, að þau eigi að varða við lög. Það sést nú og af greinum þeim í blaðinu, sem ummælin eru tekin úr, að þau eru ekki rituð í alvöru, heldur til þess að gera gys að aðaláfrýjanda og spotta hann. Þó að nú eigi felist í ummælum þessum áburður á aðaláfrýjanda eða aðdróttun til hans um svivirðandi athafnir, verknæð eða hegðan, þá eru þau þó, eins og þau eru sett fram í greinunum, óvirðandi fyrir hann og mjög móðgandi, og virðist gagnáfrýjandi eigi geta komist hjá sekt fyrir þau samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sem þykir hæfilega ákveðin í undirréttardóminum 20 kr., er renni í landssjóð. Með því að ákvæði dómsins um ómerkning meidyrðanna og málskostnað í héraði einnig samþykkjast, ber að staðfesta téðan dóm í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.